

## 8. fundur Fræðslunefndar Bláskógabyggðar mánudaginn 10. nóvember 2008 í Aratungu, Reykholti.

### Leikskóli

*Mætt voru: Margeir Ingólfsson formaður, Axel Sæland varaformaður, Sigurbjörn Árni Arngrímsson ritari, Júlíana Tyrfingsdóttir skólastjóri Álfaborgar, Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir skólastjóri Gullkistu, Meike Erika Witt fulltrúi foreldra í Álfaborg, Margrét Harðardóttir fulltrúi foreldra í Gullkistu. Hrafnhildur Eyþórsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólanna boðaði forföll. SÁA ritaði fundargerð.*

Margeir setti fund og bauð nefndarmenn velkomna til starfa og minnti fundarmenn á þagnarskyldu fulltrúa í fræðslunefnd.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Álfaborg, skólastarfið í vetur:

JT gerði grein fyrir skólastarfinu. Á Álfaborg eru 32 börn 18 mánaða til 5 ára og skiptast í yngri deild (Lambadalur) og eldri deild (Krummaklettar) og eru 16 börn á deild. Krummakletta sækja 14 börn fyrir hádegi og 14 eftir hádegi. Lambadal sækja 13 börn fyrir hádegi og 12 eftir hádegi. 8 börn eru fædd í hvorum árgangi 2003 og 2004, 5 eru fædd 2005, 9 árið 2006 og 2 eru fædd 2007 og nokkur börn sem ekki hafa náð aldri (18 mánaða) bíða eftir að komast á leikskólann. 10 starfsmenn vinna á Álfaborg, þar af 2 faglærðir, í mismunandi starfshlutföllum (50-100%).

JT stiklaði á stóru um starfið og sagði m.a. frá heimsókn 6 noskra leikskólakennara sem voru mjög ánægðir með heimsóknina sem og þeirri nýjung að setja upp möppur með því besta af starfi barnanna í gegnum leikskólagöngu þeirra. Var þetta gert til að stuðla að betra foreldrasamstarfi. Mjög margir foreldrar mættu á foreldrafund í upphafi skólaárs og var almenn ánægja á meðal þeirra og þeir spenntir fyrir vetrinum. Foreldraviðtöl verða tvisvar á ári, einu sinni í bytjun skólastarfs og svo aftur í mars þar sem árangurinn af starfinu verður metinn. Foreldraráð var stofnað samkv. nýjum leikskólalögum en enn á eftir að gera reglugerð um slíkt ráð (sem og 31 aðra reglugerð) og hlutverk þess því óljóst. Börnin í Álfaborg fá tónlistarkennslu einu sinni í viku klukkustund í senn og 2 elstu árgangarnir fara í hreyfingu í íþróttahúsinu einu sinni í viku.

JT benti einnig á að fallmottur vantar undir rólur á Álfaborg.

#### 2. Gullkista, skólastarfið í vetur:

SBA gerði grein fyrir skólastarfinu. Í Gullkistu eru 25 börn 18 mánaða til 5 ára og skiptast í litlu deild (8 börn, [9 börn 1. des]) og stóru deild (17 börn). 6 börn eru fædd í hvorum árgangi 2003 og 2005, 5 eru fædd 2004, 4 árið 2006 og 4 (5 börn 1. des) eru fædd 2007 og 4 börn fædd 2007 orðin 12 mánaða sem ekki hafa náð aldri (18 mánaða) bíða eftir að komast á leikskólann. 8 starfsmenn vinna í Gullkistu, þar af 3 faglærðir og sá fjórði í leikskólakennaranámi og er nú 7 vikna verknámi við leikskólann. Auk þess er einn í námi í fjölbrautarskóla (leikskólalabú)

og annar með háskólapróf í stjórn málafræði og tólmstundafræði. Þessir starfsmenn eru í mismunandi starfshlutföllum (50-100%). SBA telur galla á hönnun Gullkistu sem var hannaður sem 30 barna leikskóli í einni deild. Þar sem 2 deildir eru reknar á leikskólanum er litla deildin í leikskólarýminu en stóra deildin í ýmsu rými m.a. starfsmannarými (vinnuherbergi starfsmanna), sérkennslurými, kaffistofu og skrifstofu skólastjóra. Stóra deild nýtir rými litlu deildar þegar litla deildin er úti.

SBA stiklaði á stóru um starfið og sagði m.a. frá heimsókn þriggja noskra skiptinema sem voru að bera saman leikskólastarf í Noregi og á Íslandi. Mjög margir foreldrar mættu á foreldrafund í upphafi skólaárs og var sú nýjung að hafa hann kl 15 í stað þess að vera með hann um kvöld. Starfsmenn ætla að marka sig í stafagerð með börnunum enda slíkt undirstaða lesturs. Tónlistarkennari kemur tvisvar í viku og kennir stóru deild allri saman eða skiptir henni í 3 hópa og stóra deild fer í íþróttir einu sinni í viku. Samvinna leik- og grunnskóla er mikil og fer elsti árgangurinn í heimilisfræðikennslu og svo í 2 tíma í skólastofu á eftir. Elsti árgangurinn æfir sig einnig í matsal grunnskólans og fara í röð og sækja mat sinn sjálf eins og grunnskólabörn.

SBA benti einnig á að það þurfi að færa sandkassann í Gullkistu niður á flötina fyrir neðan þar sem hann er nú. Það hafi staðið til að gera í sumar en hafi einhverra hluta vegna ekki verið gert.

Sameiginlegt með báðum leikskólum er að starfsmenn taka þátt í ART (Anger Regression Training) og vinna í því með börnunum. Einnig eru báðir leikskólarnir Reggio leikskólar þar sem er flæðandi námskrá og reynt að læra í gegnum leiki. Ýmsir dagar (t.d. bangsadagar) eru á döfnni í báðum leikskólum. Einnig er verið að vinna að sameiginlegri heimasíðu fyrir leikskólana.

### 3. Bréf frá leikskólastjórum 26. október 2008.

Í bréfinu fjallar leikskólastjórar um nauðsyn þess að koma betur á mótis við þarfir foreldranna t.a.m. með auknum vistunartilboðum (s.s. 7 tíma vistum sem væri lokið kl 15). MI rakti sögulegar ástæður þess að fleiri vistunarboð væru ekki til staðar (t.d. til að auka festu og minnka rót í starfinu). Leikskólastjórar töldu þessar ástæður ekki vera til trafala í dag. Fræðslunefnd fól leikskólastjórum að kostnaðarmeta breytingar í vistunartíma f. næsta fund og leggja þar til óskir að breyttum vistunartíma ásamt þeim tilkostnaði/sparnaði sem í því fælist.

### 4. Önnur mál.

4.1. Rætt um fjölda fulltrúa foreldra í leikskólahluta fræðslunefndar. Leikskólastjórnarnir mæla með óbreyttu fyrirkomulagi, þ.e. að 1 fulltrúi foreldra sé frá hvorum leikskóla fyrir sig í stað þess að hafa 1 fulltrúa foreldra sameiginlega fyrir báða leikskólana.

4.2. SBA spurði hvar það mál stæðu með að taka inn 12 mánaða börn á Gullkistu en slíkt er í stefnuskrá sveitarstjórnar. MI sagði að væri pláss fyrir börnin væri hægt að taka þau inn strax. SBA taldi ekki hægt að taka þau inn í það rými sem væri en fengju þau sameiginlega skólastofu (mynd- og handmenntarstofu) með grunnskólanum til afnota á fimmtudögum og eftir að grunnskóli hefur lokið kennslu á föstudögum væri hægt að taka börnin inn. Fræðslunefnd fól MI að ræða við skólastjóra grunnskólans um meiri nýtingu leikskólans á sameiginlegri skólastofum. Fræðslunefnd fól SBA að

kostnaðarmeta inntöku 12 mánaða barna. Bæði (MI og SBA) eiga að skila af sér á næsta fundi fræðslunefndar

4.3. SBA lagði fram til kynningar námskrá 1-2 ára barna í Kópavogsbæ.

Fundarritara var falið að ganga frá fundargerð og senda á nefndarfólk leikskólahluta Fræðslunefndar Bláskógabyggðar til yfirlistar.

Fundi slitið kl. 17:45

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, fundarritari.